

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits með fiskeldisstöðvum.

1. gr.

Fiskeldisstöðvar sem hafa rekstrarleyfi til fiskeldis skulu greiða Fiskistofu árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsgjaldi er skipt í tvo flokka eftir umfangi reksturs:

1. Fiskeldisstöðvar með fráveitu til sjávar þar sem ársframleiðsla er minni en 200 tonn og fiskeldisstöðvar með fráveitu í ferskvatn þar sem ársframleiðsla er minni en 20 tonn skulu greiða kr. 25.000.
2. Fiskeldisstöðvar með fráveitu til sjávar þar sem ársframleiðsla er meiri en 200 tonn og fiskeldisstöðvar með fráveitu í ferskvatn þar sem ársframleiðsla er meiri en 20 tonn skulu greiða kr. 50.000.

3. gr.

Fiskistofa annast innheimtu eftirlitsgjalds.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. nóvember ár hvert og eindagi 15. nóvember. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á gjalddaga reiknast hæstu lögleyfðir dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi.

Ef fiskeldisstöð hefur ekki hafið starfsemi á gjalddaga eftirlitsgjalds er Fiskistofu heimilt að veita undanþágu frá greiðslu gjaldsins.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 71, 11. júní 2008, um fiskeldi til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 10. október 2011.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Ingimar Jóhannsson.